




# HANDBÓK GRUNNNEMA

Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands



Háskólaárið 2016 – 2017

## Formáli

Í þessari handbók eru upplýsingar um grunnnám við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. Handbókin er ætluð nemendum, kennurum, starfsfólki í stjórnslu og öðrum sem að náminu koma. Í henni eru ýmsar hagnýtar upplýsingar um nám við Háskóla Íslands og helstu þætti sem snúa að grunnnámi við deildina.

Grunnnám í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands er þriggja ára nám eða 180 ECTS einingar. Frá og með haustmisseri 2015 skiptist námið í eftirfarandi hluta: Sérhæfð námskeið í félagsráðgjöf (114 einingar), aðferðafræði (36 einingar), valnámskeið (18 einingar) og BA ritgerð (12 einingar).

Handbók þessi er endurskoðuð árlega. Hægt er að senda ábendingar varðandi handbókina á [felagsradgjof@hi.is](mailto:felagsradgjof@hi.is)

Útgáfu handbókarinnar er að finna á heimasíðu Félagsráðgjafardeildar.

Ágúst 2016

Ása Bernharðsdóttir, deildarstjóri

## Efnisyfirlit

<b>FORMÁLI</b> .....	<b>2</b>
<b>EFNISYFIRLIT</b> .....	<b>3</b>
<b>ALMENNAR UPPLÝSINGAR UM FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD</b> .....	<b>4</b>
<b>MIKILVÆGAR DAGSETNINGAR 2015-2016</b> .....	<b>ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.</b>
<b>ALÞJÓÐASAMSTARF</b> .....	<b>5</b>
SKIPTINÁM .....	5
UMSÓKNARFERLIÐ .....	5
MAT Á SKIPTINÁMI .....	6
<b>NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF</b> .....	<b>6</b>
<b>TUNGUMÁLAMIÐSTÖÐ</b> .....	<b>6</b>
<b>TÖLVUBÚNAÐUR OG ÚTHLUTUN NOTENDANAFNA OG LYKILORÐA</b> .....	<b>7</b>
ÁFRAMSENDING TÖLVUPÓSTS .....	7
<b>LESRÝMI OG HÓPAVINNA</b> .....	<b>7</b>
<b>KENNSLUSKRÁ</b> .....	<b>8</b>
<b>KENNSLUHÆTTIR</b> .....	<b>8</b>
<b>SKRÁNING Í NÁMSKEIÐ OG PRÓF</b> .....	<b>8</b>
ENDURSKOÐUN SKRÁNINGAR .....	8
SKRÁNING ÚR NÁMSKEIÐI .....	9
<b>LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS</b> .....	<b>9</b>
<b>MENTORKERFIÐ</b> .....	<b>9</b>
<b>FYRIRKOMULAG PRÓFA Á FÉLAGSVÍSINDASVIÐI HÁSKÓLAÁRIÐ 2015-2016</b> .....	<b>10</b>
SJÚKRA- OG SÉRSTÖK ENDURTÖKUPRÓF .....	10
FJARPRÓF .....	11
<b>REGLUR FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILDAR</b> .....	<b>11</b>
MAT Á FYRRA NÁMI .....	11
FJÖLDI VALEININGA .....	11
LEYFI FRÁ NÁMI .....	12
STÚDENT HVERFUR FRÁ NÁMI .....	12
UM PRÓF, TVÍFALL OG ENDURINNRIÐUN .....	12
REGLUR UM TÍMASÓKN OG RÁÐVENDNI Í NÁMI .....	13
TÍMALENGD Í NÁMI .....	13
FJARNÁM .....	13
<b>BA RITGERÐIR</b> .....	<b>14</b>
MARKMIÐ BA RITGERÐA .....	14
SKIPT UM LEIÐBEINANDA .....	14
SKILAFRESTUR BA RITGERÐA .....	15
LENGD BA RITGERÐA .....	15
SKIL BA RITGERÐA .....	15
<b>BRAUTSKRÁNING</b> .....	<b>15</b>
<b>KORT AF HÁSKÓLASVÆÐINU</b> .....	<b>17</b>

## **Almennar upplýsingar um Félagsráðgjafardeild**

**Deildarforseti:** Dr. Steinunn Hrafnisdóttir, dósent, haustmisseri 2016.

Dr. Sigurveig H. Sigurðardóttir, dósent, vormisseri 2017.

**Varadeildarforseti:** Dr. Guðný Björk Eydal, dósent, haustmisseri 2016.

Dr. Steinunn Hrafnisdóttir, dósent, vormisseri 2017

### **Skrifstofa Félagsráðgjafardeildar**

Gimli 103 (1. hæð) v/Sæmundargötu

101 Reykjavík

Netfang: [felagsradgjof@hi.is](mailto:felagsradgjof@hi.is)

Opið: mánudaga til föstudaga 10:00 - 12:00 og 13:00 - 15:30

### **Starfsfólk deildarskrifstofu:**

Ása Bernharðsdóttir, deildarstjóri ([asab@hi.is](mailto:asab@hi.is)), s. 525-5206.

Sigrún Dögg Kvaran, verkefnisstjóri ([sigrundk@hi.is](mailto:sigrundk@hi.is)), s. 525-5408.

Stella Vestmann, deildarstjóri í leyfi

Nánari upplýsingar á heimasíðu deildar:

<http://www.felagsradgjof.hi.is>

### **Kennslualmanak 2016-2017**

<http://www.hi.is/felagsradgjafardeild/kennslualmanak>

## Alþjóðasamstarf

**Skrifstofa alþjóðasamskipta Háskóla Íslands veitir upplýsingar um nám erlendis.**

**Aðsetur:** Háskólatorg, 3.hæð.

Opið: mánudaga til föstudaga 10:00 - 12:00 og 12:30 - 16:00.

Sími: 525-4311, fax: 525-5850. Netfang: ask@hi.is.

Veffang: [http://www.hi.is/adalvefur/skrifstofa\\_althjodasamskipta](http://www.hi.is/adalvefur/skrifstofa_althjodasamskipta)

## Skiptinám

Nemendur HÍ geta tekið hluta af námi sínu við erlendan háskóla og fengið það metið til eininga í samráði við viðkomandi deildarskrifstofu.

Háskóli Íslands er aðili að ýmsum samstarfsnetum, til dæmis Nordplus, Erasmus og ISEP-USA. Einnig hafa verið gerðir samningar við einstaka háskóla erlendis. Allar upplýsingar um samstarfsnet og samninga er að finna á heimasíðu Skrifstofu alþjóðasamskipta Háskóla Íslands.

Námsdvöl í útlöndum veitir nemendum tækifæri til að kynnast háskólalífi í öðrum löndum, ásamt því að auka færni sína í tungumálum. Skiptinám veitir jafnframt möguleika á að taka námskeið á sviðum sem ekki eru kennd við Háskóla Íslands.

Þeir sem fara sem skiptistúdentar þurfa að skrá sig í Háskóla Íslands eins og venjulega og greiða innritunargjöldin áður en þeir fara utan.

Samkvæmt reglum Félagsráðgjafardeildar um skiptinám og mat á utandeildarnámi er stúdentum í félagsráðgjöf heimilt að sækja um skiptinám við Félagsráðgjafardeild erlendis háskóla sem Félagsráðgjafardeild eða Háskóli Íslands hefur gert samning við. Stúdent í grunnnámi þarf að ljúka 60 ECTS einingum áður en skiptinám hefst. Ef sú áætlun hans bregst fellur umsókn hans um skiptinám sjálfkrafa og án frekari viðvörunar úr gildi. Stúdent getur stundað fullt skiptinám í eitt eða tvö misseri og fengið það metið til allt að 60 ECTS eininga ef námskeiðin sem lokið er eru sambærileg námskeiðum sem stúdent á ólokið við Félagsráðgjafardeild.

## Umsóknarferlið

- a) Hefja þarf vinnu við umsóknarferlið a.m.k. sex mánuðum áður en umsóknarfrestur rennur út en allar umsóknir þurfa að berast skrifstofu Félagsráðgjafardeildar fyrir **15. febrúar** á hverju ári vegna skiptináms skólaárið á eftir.
- b) Afla þarf upplýsinga hjá Skrifstofu alþjóðasamskipta Háskóla Íslands um hvaða skólar eru í boði.
- c) Nemendur sem fara til Norðurlanda sækja um skiptinám í gegnum Nordplus en þeir sem ætla annað í Evrópu sækja um í gegnum Erasmus. Eftir að búið er að

senda inn umsókn þarf að prenta hana út og skila til skrifstofu Félagsráðgjafardeildar.

- d) Umsækjendur fylla út námssamning „Learning Agreement“- en það er námsáætlun umsækjanda. Við val á námskeiðum þarf að hafa í huga að velja ekki námskeið sem eru keimlík þeim sem nemandi hefur þegar lokið, en þau fást ekki metin. Prenta þarf út námskeiðslýsingar þeirra námskeiða sem nemandinn óskar eftir að taka úti. Learning Agreement og námskeiðslýsingum skal skila til skrifstofu deildarinnar ásamt umsókn. Ef breytingar verða á upphaflegri námsáætlun, þarf aftur að leita samþykkis deildar.
- e) Umsækjendur þurfa að skila „Statement of purpose“ á ensku með umsókn. Ekki er ætlast til að þetta sé meira en ein blaðsíða.

### **Mat á skiptinámi**

Í flestum tilfellum er skiptinám metið í stað valnámskeiða og þá nægir að koma með námskeiðslýsingu. Ef nemandi óskar eftir að fá námskeið metið í stað skyldunámskeiðs þarf að koma með námskeiðslýsingu og leslista námskeiðsins.

Gestaskóli sendir HÍ staðfest afrit af einkunnum í lok annar. Ekki er endanlega gengið frá mati fyrr en staðfest afrit af einkunnum hefur borist deild.

Nemendur ættu sérstaklega að hafa í huga að prófatímabil og einkunnaskil í gestaskóla geta verið frábrugðin því sem er í HÍ. Því er ekki mælt með að nemendur fari í skiptinám á síðasta námsmisseri sínu.

### **Náms- og starfsráðgjöf**

Nemendur eru hvattir til að nýta sér þjónustu Náms- og starfsráðgjafar sem staðsett er á Háskólatorgi, 3. hæð. Boðið er upp á opna viðtalstíma kl. 13:00-16:00 mánudaga til fimmtudaga og kl. 10:00-12:00 á föstudögum. Nemendur geta einnig pantað tíma hjá náms- og starfsráðgjafa í síma 525-4315.

Nemendum er með öllu óheimilt að nota upptökutæki (diktafóna) í kennslutímum í Félagsráðgjafardeild. Nemandi má hins vegar nota slík tæki hafi námsráðgjöf sérstaklega mælt til þess við kennara vegna persónulegra aðstæðna hans. Umsóknareyðublað umnotkun upptökutækis er að finna á heimasíðu deildar.

### **Tungumálamiðstöð**

Nú gefst öllum nemendum HÍ kostur á að stunda sjálfsnám í tungumálum við Tungumálamiðstöð sem er staðsett í Nýja Garði. Þannig geta þeir haldið áfram að leggja stund á þau tungumál sem þeir lærðu í framhaldsskóla og undirbúið sig fyrir framhaldsnám erlendis eða atvinnu þar sem tungumálakunnáttu er krafist. Skráning fer fram í Nemendaskrá og nánari upplýsingar um þessi námskeið má finna á vefsíðu

Tungumálamiðstöðvar. Einnig er hægt að fá upplýsingar hjá starfsfólki Tungumálamiðstöðvar (ems@hi.is).

## **Tölvubúnaður og úthlutun notendanafna og lykilorða**

Reiknistofnun Háskóla Íslands (RHÍ) rekur fjölda tölvuvera á háskólasvæðinu, fjögur þeirra eru staðsett í Gimli (stofu 101) og Odda (stofum 102, 103 og 301). Allir nemendur skólans hafa aðgang að tölvuverum.

Nemendur við Háskóla Íslands þurfa að hafa notendanafn og lykilorð. Þetta er frumskilyrði fyrir nemendur til að nálgast upplýsingar um námsframvindu, hafa samskipti við kennara og til að nýta sér tölvuþjónustu skólans. Einkar mikilvægt er að sérhver nemandi nái sem fyrst í sitt notendanafn og lykilorð. Notendanafnið er einnig tölvupóstfang yfir námstímann við háskólann (notendanafn@hi.is).

Þegar námsumsókn hefur verið afgreidd og skráningargjöld greidd geta nemendur sótt sér notendanafn og lykilorð á vefsíðunni <http://www.hi.is/adalvefur/nynemar>. Þar þarf að slá inn kennitölu og veflykil. Veflykillinn kom fram á staðfestingu umsóknar sem var send í tölvupósti til þeirra sem gáfu upp netfang í umsókn sinni. Þeir nemendur sem ekki gáfu upp netfang í umsókn sinni þurfa að leita til Þjónustuborðs á Háskólatorgi.

Eftir að hafa sótt notendanafn og lykilorð geta notendur nýtt sér Uglu. Uglu er innri vefur Háskóla Íslands. Tilgangurinn með Uglu er annars vegar að flétta saman í eina heild öll upplýsingakerfi háskólans og búa til eins konar upplýsingamiðstöð á vefnum fyrir nemendur og starfsfólk. Uglunni er ætlað að vera samskiptavettvangur nemenda og starfsmanna háskólans. Í Uglu er að finna ýmsa þjónustu og aðgerðir sem nýtast nemendum háskólans.

## **Áframsending tölvupósts**

Allar tilkynningar um námið og námstilhögun eru eingöngu sendar á tölvupóstföng háskólans. Þeir sem ekki eiga háskólapóstfang geta því misst af mikilvægum tilkynningum. Hægt er að áframsenda póst úr netfangi HÍ í það netfang sem nemendur nota mest. Til þess skal farið inn á heimasíðu Reiknistofnunar <http://www.rhi.hi.is/> en þar er að finna leiðbeiningar um hvernig það er gert.

## **Lesrými og hópavinna**

Á Háskólatorgi, í Odda og Gimli er bæði að finna góða lesaðstöðu og hópavinnuborð, auk tölvuvera. Þá eru á Þjóðarbókhöfðu, Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni, um 400 sæti við borð, auk fjölmargra sæta við tölvur, lesvélar og í tón- og mynddeild. Auk þess eru hópvinnuherbergi á 3. og 4. hæð.

Nemendur geta einnig fengið bókaðar stofur fyrir hópavinnu einu sinni í viku í allt að þrjá tíma. Til að bóka stofu skal hafa samband á netfangið kennslustofur@hi.is. Í tölvupóstinum þarf að koma fram nafn, kennitala, námskeið og námskeiðsnúmer, einnig þarf að gefa upp nöfn þeirra sem skipa hópinn. Sá sem biður um stofuna ber sjálfkrafa ábyrgð á stofunni nema annað sé tekið fram. Ábyrgðaraðili sér til þess að ekki sé matast í stofunni og umgengni um hana sé góð, einnig að viðskilnaður sé til fyrirmyndar; rétt uppröðun stóla og borða, gluggar lokaðir og slökkt á skjávarpa. Beiðnir um stofur þurfa að berast á hefðbundnum vinnutíma og með 2-3 klst. fyrirvara.

## **Kennsluskrá**

Kennsluskrá Háskóla Íslands er stúdentum afar mikilvæg. Í henni er m.a. að finna allar upplýsingar um námsframboð sem og aðrar hagnýtar upplýsingar, m.a. um stjórn háskólans, fræðasvið og deildir, skólaárið, skráningu, gjöld, próf og margt fleira sem nemendur þurfa að vita þegar þeir hefja nám við skólann. Nemendur eru hvattir til þess að kynna sér vel lykilupplýsingarnar í kennsluskrá ásamt kennslualmanaki háskólans.

## **Kennsluhættir**

### Tákn um kennslustundir:

f - fyrirlestur  
u – umræðutími

Þegar ekki er annað tekið fram í námskeiðslýsingum tákna tölur um kennslustundir vikulegan meðalfjölda. Þannig tákna 3f+1u þrjá 40 mín. fyrirlestra og einn 40 mín. umræðutíma að meðaltali á viku á 13 vikna kennslumisseri.

## **Skráning í námskeið og próf**

Skráning í námskeið er jafnframt skráning í lokapróf (sama gildir hvort sem námsmat fer fram með skriflegu eða munnlegu prófi, verkefna- eða ritgerðarvinnu). Nemandi verður að vera skráður í námskeið til að geta gengist undir próf.

## **Endurskoðun skráningar**

Nemendur geta sjálfir endurskoðað námskeiðsskráningu sína í Uglu fram til 10. september. Eftir það er ekki hægt að skrá sig í ný námskeið. Skráning veitir aðgang að öllum gögnum námskeiðs og því er mikilvægt að hún sé alltaf rétt.

Mikilvægt er að nemendur sinni síðan árlegri skráningu fyrir komandi skólaár. Endurskoðun skráningar fyrir háskólaárið 2017-2018 mun fara fram á Uglu 6. mars – 1. apríl 2017. Ef einhver vandamál koma upp við endurskoðun skráningar er best að hafa samband við Þjónustuborð á Háskólatorgi eða Nemendaskrá.



## **Skráning úr námskeiði**

Frestur til þess að skrá sig úr námskeiði rennur út 1. október. Skráning úr námskeiði er einnig skráning úr prófi. Vanræki stúdent að segja sig úr prófi, sem hann hyggst ekki taka, jafngildir það því að hann falli á prófinu. Úrskráning fer fram í Uglu.

## **Landsbókasafn Íslands**

Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn (Þjóðarbókhlaðan) býður upp á fjölbreytta þjónustu. Safnið er rannsóknarbókasafn en gögn sem ekki finnast í safninu er hægt að panta með millisafnaláni gegn vægri greiðslu.

Nemendur Háskóla Íslands fá bókasafnsskírteini án endurgjalds. Það fæst við útlánaborð á 2. hæð safnsins gegn framvísun persónuskilríkja.

Nánari upplýsingar um Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn og þjónustu þess er að finna á heimasíðu safnsins: <http://www.bok.hi.is/>

## **Mentorkerfið**

Mentorar eru nemendur sem eru langt komnir í námi í félagsráðgjöf. Hlutverk þeirra er að auðvelda aðkomu nýnema að nýjum skóla. Hver nýnemi fær úthlutað Mentor og getur hitt hann á nýnemafundi í upphafi haustmisseris. Eftir fundinn hafa nýnemarnir kost á að fara með Mentorum sínum í kynnisferð um háskólasvæðið. Þar að auki munu Mentorarnir vera nemendum innan handar út önnina og veita þeim hagnýtar upplýsingar eftir þörfum, greiða fyrir félagslegum tengslum, hjálpa þeim að aðlagast kennsluháttum í háskólanum, vísa þeim á þá þjónustu sem þeir eiga kost á ásamt fleiru. Mentorum er ekki ætlað að aðstoða nýnemana með verkefni eða annað námsefni.

Nýnemunum er í sjálfvald sett hversu oft þeir leita til Mentors síns. Nýnemar fá netfang og símanúmer hjá sínum Mentor. Mentorarnir boða nýnemana á fund nokkrum sinnum yfir misserið, en nýnemar geta jafnframt sjálfir óskað eftir því að fá fund með sínum Mentor.

## **Fyrirkomulag prófa á Félagsvísindasviði háskólaárið 2016-2017**

Deildir Félagsvísindasviðs: Félags- og mannvísindadeild, Félagsráðgjafardeild, Hagfræðideild, Lagadeild, Stjórn málafræðideild og Viðskiptafræðideild.

### **Haustmisseri:**

- Síðasti dagur til úrskráningar úr námskeiðum/prófum á haustmisseri er 1. október 2016.
- Almenn próf haustmisseris verða haldin 2. til 16. desember 2016.

### **Vormisseri**

- Síðasti dagur til úrskráningar úr námskeiðum/prófum á vormisseri er 1. febrúar 2017
- Almenn próf vormisseris verða haldin 25. apríl til 10. maí 2017.

### **Veikindi í prófi**

- Nemandi sem veikist og getur þar af leiðandi ekki þreytt próf skal skila læknisvottorði til Þjónustuborðs á Háskólatorgi innan þriggja daga frá prófdegi. Geri hann það ekki fyrirgerir hann rétti sínum til sjúkraprófs.
- Eftirlit með vottorðum um veikindi hefur verið hert og leitað samstarfs við heilbrigðisyfirvöld til að tryggja áreiðanleika vottorða.

## **Sjúkra- og sérstök endurtökupróf**

Deildir Félagsvísindasviðs nýta sér heimild til að halda sjúkra- og sérstök endurtökupróf beggja missera að vori. Sjúkra- og sérstök endurtökupróf verða haldin í þeim námskeiðum þar sem nemendur hafa verið veikir eða fallið.

**Nemendum sem skráðir eru í námskeið í öðrum deildum en þeim sem tilheyra Félagsvísindasviði ber að kynna sér reglur viðkomandi deildar/sviðs um fyrirkomulag sjúkra- og sérstakra endurtökuprófa þar.**

### **Sjúkra- og sérstök endurtökupróf á Félagsvísindasviði**

- Sjúkrapróf og sérstök endurtökupróf vegna haustmisseris verða haldin 17. - 23. maí 2017.  
Sjúkrapróf og sérstök endurtökupróf vegna vormisseris verða haldin 1. - 8. júní 2017.

### **Skilyrði sem nemandi þarf að uppfylla til að mega skrá sig í sérstök endurtökupróf**

- Nemendur verða að hafa þreytt próf í námskeiði til að geta skráð sig í sérstakt endurtökupróf. Mæti nemandi ekki í próf í námskeiði á almennu prófatímabili getur hann ekki nýtt sér sérstakt endurtökupróf.
- Nemendur greiða próftökugjald fyrir hvert endurtökupróf sem þeir skrá sig í.

### **Brautskráning 24. júní 2017**

## Fjarpróf

Stúdentar HÍ geta sótt um að þreyta próf sín á öðrum stað en innan skólans, t.d. vegna dvalar erlendis. Greiða þarf fyrir þjónustuna og þarf umsókn að berast með góðum fyrirvara. Nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð er að finna á eftirfarandi vefsíðu: <http://www.hi.is/adalvefur/fjarprof>

## Reglur Félagsráðgjafardeildar

Reglur Félagsráðgjafardeildar Háskóla Íslands má nálgast á heimasíðu deildar: <http://www.felagsradgjof.hi.is> undir liðunum „Fyrir nemendur“ – „Námsmat og reglur“.

Almennar reglur Háskóla Íslands má finna hér: [http://www.hi.is/adalvefur/log\\_og\\_reglur](http://www.hi.is/adalvefur/log_og_reglur)

Hér á eftir eru nokkur mikilvæg atriði úr reglum deildarinnar sem vert er að tiltaka sérstaklega en það skal áréttað að þetta er ekki tæmandi listi.

### Mat á fyrra námi

Í 1. gr. í reglum Félagsráðgjafardeildar um skiptináms og mat á utandeildarnámi segir: „Félagsráðgjafardeild getur heimilað að nám við aðrar háskóladeildir eða aðra háskóla verði metið sem hluti af grunnnámi, í stað valnámskeiða eða skyldunámskeiða að því tilskildu að efni þess og kennslumagn sé sambærilegt. Í 5. gr. segir: Námskeið sem áður hefur verið látið gilda til námsgráðu er heimilt að meta sem hluta af grunnnámi í félagsráðgjöf, en þó að hámarki 60 ECTS eininga. Ef 10 ár eða meira hafa liðið síðan námi var lokið fæst það ekki metið.“

Í sömu reglum, gr. 7, segir einnig: „Umsókn um að fá námskeið úr öðru námi metin skal send skrifstofu Félagsráðgjafardeildar ásamt upplýsingum um skipulag þess, lesefni og námstilhögun. Skrifstofa deildar skal eftir atvikum leita umsagnar umsjónarkennara Félagsráðgjafardeildar í viðeigandi námskeiðum áður en afstaða er tekin til umsóknarinnar.“

### Fjöldi valeininga

Fjöldi valeininga nemenda er mismunandi vegna breytinga sem hafa orðið í kennsluskrá á milli námsára.

Nemendur sem fylgja kennsluskrá 2009 - 2010 eða eldri hafa 12 valeiningar\*.

Nemendur sem fylgja kennsluskrá 2010 - 2011 hafa 12 valeiningar\*.

Nemendur sem fylgja kennsluskrá 2011 - 2012 hafa 8 valeiningar\*. Breyting tilkomin vegna þess að námskeiðið Fatlaðir og samfélagið var gert að skyldu.

Nemendur sem fylgja kennsluskrá 2012 - 2013 til og með 2014-2015 hafa 10 valeiningar.

Nemendur sem fylgja kennsluskrá 2015-2016 hafa 18 valeiningar.

\* + 2 valeiningar ef nemandi lauk ekki námskeiðinu FRG605G Félagsmálalöggjöf III á meðan vægi þess var 8 einingar. Frá og með háskólaárinu 2012-2013 er vægi þess 6 einingar.

Sé nemandi í vafa um fjölda valeininga á sínum námsferli má alltaf hafa samband við deildarskrifstofu.

### **Leyfi frá námi**

Um leyfi frá námi gilda reglur Háskóla Íslands nr. 569/2009. Í 5. mgr. 48. gr. um skrásetningu nýrra stúdenta og árlega skráningu segir: „Nú óskar stúdent eftir að gera hlé á námi sínu heilt kennslumisseri eða lengur og skal hann þá leita heimildar viðkomandi háskóladeildar og skrá sig árlegri skráningu, meðan á leyfistíma stendur, enda sé gætt ákvæða um tímamörk náms. Leyfistími getur að hámarki verið eitt ár í senn og lengir ekki hámarksnámsstíma samkvæmt reglum viðkomandi deildar. Stúdent greiðir hluta skrásetningargjalds á meðan á leyfistíma stendur.“

Stúdent ber í öllum tilvikum sjálfur ábyrgð á eigin námi. Hafi hann verið byrjaður á BA ritgerð verður hann að gæta þess að halda tengslum við leiðbeinanda sinn og gæta að skipulagi námsins.

### **Stúdent hverfur frá námi**

Vilji stúdent hefja að nýju nám sem hann hefur horfið frá, og hlé hans frá námi er ekki samkvæmt ákvæðum 48. gr. reglna nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands, þá metur deild námskeið af fyrri ferli stúdents til endurinnritunar samkvæmt þeirri námsskipan sem í gildi er.

### **Um próf, tvífall og endurinnritun**

Samkvæmt 57. gr. reglna HÍ er ekki heimilt að gangast oftast en tvisvar sinnum undir sama próf í námsgreinum. Falli stúdent tvisvar sinnum á prófi í sömu námsgrein getur hann sótt um undanþágu til deildar fyrir próftöku í þriðja sinn.

Félagsráðgjafardeild er heimilt að ákveða að stúdent megi ekki skrá sig í námskeið, nema hann hafi áður öðlast rétt til próftöku eða staðist próf í tilteknum námskeiðum, sbr. 87.gr. reglna fyrir Háskóla Íslands.

Félagsráðgjafardeild hefur sett reglur um endurupptöku verkefna við endurinnritun í námskeið. Í 1. gr. reglna um námsmat, mætingu og hámarkseiningafjölda við Félagsráðgjafardeild HÍ segir:

„Kennara er heimilt að meta verkefni úr námskeiði sem stúdent er endurinnritaður í, svo fremi sem nemandi hafi fengið 7,5 eða hærra og skipulag og inntak námskeiðsins sem og eðli verkefnanna hafi ekki breyst að neinu ráði. Stúdent er ekki heimilt að endurvinnna verkefni og halda fyrri prófeinkunn í námskeiði sem hann endurinnritast í.“

Í 4. gr. reglna Félagsráðgjafardeildar um skiptinám og mat á utandeildarnámi segir:

„Stúdent sem endurinnritast í deildina eftir að hafa hætt námi eða vegna tvífalls á ferli innritast samkvæmt kennsluskrá þess háskólaárs sem endurinnritun fer fram.“

### **Reglur um tímasókn og ráðvendni í námi**

Almennt er ekki mætingaskylda í námskeið í grunnnámi í félagsráðgjöf nema að slíkt sé tekið fram í kennsluskrá. Námskeiðin eru þó miðuð við að stúdentar sæki kennslustundir, nema annað sé sérstaklega skipulagt. Geti stúdent ekki mætt í einstaka tíma ber hann sjálfur ábyrgð á að afla upplýsinga sem hann kann að hafa farið á mis við. Kennarar kosta kapps um að námskeiðstilhögun sé skýr og kröfur ljósar, en þeim ber ekki skylda til að veita sérstakar tilhliðranir vegna stúdenta sem af einhverjum völdum sækja ekki kennslustundir.

Félagsráðgjafardeild telur óráðvendni í námi mjög alvarlega. Þar er meðal annars, en ekki eingöngu, átt við ritstuld, falsanir af öllu tagi, notkun og kynningu á verkefnum eða vinnu annarra eins og hún væri manns eigin og allar tilraunir til að hafa rangt við á prófum. Deildin gengur ákveðið eftir því að í slíkum málum sé beitt ströngum viðurlögum, sbr. 17. gr. laga um Háskóla Íslands og allmörg ákvæði reglna fyrir Háskóla Íslands.

### **Tímalengd í námi**

Samkvæmt 87. gr. reglna um Háskóla Íslands nr. 569/2009 skal stúdent hafa lokið BA prófi í félagsráðgjöf eigi síðar en í lok níunda kennslumisseris frá innritun hans í BA nám við Félagsráðgjafardeild. Félagsráðgjafardeild getur veitt undanþágu frá þessum ákvæðum um tímamörk ef veikindi eða aðrar vítaleysisástæður koma til. Nemendur verða að senda deildinni skriflega beiðni um undanþágu, studda læknisvottorði eða öðrum sérfræðigögnum sem sýna fram á vítaleysisástæður.

Nemendum sem hafa stundað BA-nám í sex kennslumisseri eða meira er sent bréf til að minna á reglur um tímamörk.

### **Fjarnám**

Grunnnám við Félagsráðgjafardeild er ekki skipulagt sem fjarnám en aftur á móti er almennt ekki mætingarskylda í námskeið. Umsjónarkennurum er þó heimilt að gera kröfu um mætingarskyldu í einstökum námskeiðum eða tilteknum hluta þeirra enda skal þess getið í kennsluskrá.

Nemendur sem kjósa að stunda nám sitt án þess að mæta í kennslustundir bera sjálfir ábyrgð á því að afla sér upplýsinga um það sem fer fram í kennslustund og framfylgja kennsluáætlun líkt og kveðið er á um í. Kennurum er ekki skylt að veita nemendum upplýsingar um það sem fer fram í kennslustund. Námsmat þeirra sem ekki mæta í kennslustundir og þeirra sem mæta er það sama.

## **BA ritgerðir**

Námi í félagsráðgjöf er lokið með fræðilegri 12 eininga BA ritgerð undir handleiðslu fastráðsins kennara við Félagssráðgjafardeild og í ákveðnum tilvikum aðstoðarleiðbeinanda.

Í öllum tilvikum skal nemandi skila inn umsókn vegna ritunar BA ritgerðar innan auglýst frests. Frestur er auglýstur á vef deildarinnar auk þess sem tölvupóstur er sendur til nemenda. Rafrænu umsóknina má finna á heimasíðu deildar. Ásamt rafrænu umsókninni verða nemendur að sjá til þess að þeir séu skráðir í ritgerðina inn á Uglu.

Nemendum er úthlutað leiðbeinanda samkvæmt ákvörðun deildar hverju sinni en að jafnaði er aðeins úthlutað leiðbeinendum tvisvar á hverju ári, við upphaf beggja missera.

## **Markmið BA ritgerða**

Markmið með BA ritgerð er að gefa nemanda tækifæri til að sýna fram á hæfni til sjálfstæðra vinnubragða. Efni ritgerðar skal skýrt afmarkað og markmið hennar þurfa að vera raunhæf. Mikilvægt er að BA ritgerð feli í sér nýsköpun þekkingar á sviði félagsráðgjafar.

Ritun BA ritgerðar skal stuðla að þjálfun í að beita gagnrýnni hugsun, að móta rannsóknarspurningu/spurningar, að velja viðeigandi rannsóknaraðferð/aðferðir, gagna- og/eða heimildaöflun, greiningu á kenningum og fræðilegri þekkingu.

BA ritgerð á að vinna í samræmi við viðtekin viðmið um frágang, uppbyggingu fræðilegra ritsmíða og leiðbeiningar deildar um vinnulag. Stúdent getur náð þessum markmiðum m.a. með eftirtöldum hætti: Með því að vinna með fyrirliggjandi gögn og heimildir. Stúdent vinnur fræðilegt yfirlit þar sem fram koma niðurstöður rannsókna á ákveðnu þekkingarsviði og gerir þeim skil á gagnrýnninn hátt. Stúdent aflar gagna eða vinnur úr fyrirliggjandi gögnum. Ekki er heimilt að fjalla um efni í BA ritgerð sem krefst leyfis Vísindasiðanefndar eða Persónuverndar nema deild veiti sérstakt leyfi til þess. Mælt er með því að nemendur sem vinna að sjálfstæðu rannsóknarverkefni hafi tekið a.m.k. eitt námskeið í þeim rannsóknaraðferðum sem þeir hyggjast nota.

Upplýsingar um vinnulag, tímaáætlun og frágang má nálgast hér: <http://www.hi.is/felagsradgjafardeild/grunnam>

## **Skipt um leiðbeinanda**

Ýmsar ástæður geta verið fyrir því að skipt er um leiðbeinanda. Ef nemandi skiptir um verkefni kann að þurfa nýjan leiðbeinanda. Nemandinn ræðir slíkt fyrst við leiðbeinanda sinn og síðan við starfsmenn á skrifstofu Félagssráðgjafardeildar. Hætti

leiðbeinandi störfum, eða er fjarverandi vegna rannsóknamissis, veikinda eða af öðrum ástæðum getur verið nauðsynlegt að fá annan aðila til samvinnu um leiðbeiningu nemandans. Þá getur samstarfsgrundvöllur nemandans og leiðbeinanda brostið, til dæmis ef annar aðilinn telur að hinn hafi ekki uppfyllt skyldur sínar. Í slíkum tilvikum geta bæði nemandinn og leiðbeinandinn óskað eftir því við deildarstjóra að vera leystur frá samstarfinu.

### **Skilafrestur BA ritgerða**

Samkvæmt reglum um BA ritgerðir í félagsráðgjöf skal stúdent sækja um efni og leiðbeinanda til að skrifa BA ritgerð fyrir 10. maí ætli hann að vinna ritgerðina á haustmíssi og skal hann skila ritgerð 10. janúar. Stúdent sem óskar eftir að skrifa ritgerð á vómíssi skal sækja um efni og leiðbeinanda fyrir 10. desember og skal hann skila ritgerð 10. maí.

Félagsráðgjafardeild tekur umsóknina til umfjöllunar og deildarforseti skipar leiðbeinanda með ritgerðinni.

Í upphafi kennslumissis hitta nemendur deildarforseta á fundi þar sem deildarforseti fjallar um uppbyggingu og undirbúning vegna ritun BA ritgerðar.

### **Lengd BA ritgerða**

BA ritgerð sem unnin er af einum nemandanum skal að jafnaði vera 10.000 orð og ekki lengri en 15.000 orð að frátalinni forsíðu, efnisyfirliti, heimildaskrá og, eftir atvikum, viðauka. Vinni tveir nemendur saman að BA ritgerð skal hún vera að sama skapi viðameiri, 15.000 orð til 20.000 orð.

### **Skil BA ritgerða**

Einungis þarf að skila BA ritgerðum rafrænt, annars vegar í gagnasafnið skemman.is sem er vistað hjá Landsbókasafni Íslands og hins vegar á námskeiðsvef BA ritgerða (Uglu) í word.

Skila þarf ritgerðum fyrir kl. 16 á skiladegi ritgerða sem birtur er í kennsluálfmanaki hvers árs.

Upplýsingar um skil og fylgigögn má nálgast á heimasíðu deildarinnar: <http://www.hi.is/felagsradgjafardeild/brautskraning>

### **Brautskráning**

Stærsta hátíð háskólasamfélagsins er Háskólahátíð og brautskráning. Háskóli Íslands brautskráir stúdenta tvisvar á ári, í júní og febrúar. Nemendur sem ljúka námi í september geta fengið staðfestingu á námslokum sínum í október og tekið þátt í brautskráningarathöfn í febrúar ef þeir þessa óska.

Nemandi sem hyggst útskrifast með BA frá Félagsráðgjafardeild þarf að hyggja að eftirfarandi:

- Brautskráningareyðublaðið er að finna á heimasíðu deildar undir liðnum „Fyrir nemendur og „Brautskráning“.
- Vera skráðir í brautskráningu hjá nemendaskrá.
- Hafa lokið öllum tilskyldum einingum til þess að geta brautskrást.
- Skila brautskráningareyðublaði úr BA námi fyrir auglýstan frest.

Nánari upplýsingar um brautskráningu veitir Sigrún Dögg Kvaran (s. 525-5408, [sigrundk@hi.is](mailto:sigrundk@hi.is)).



## Kort af háskólasvæðinu

